

MOTOR & SPORT

TÍMARIT UM BÍLA, MÓTORHJÓL, VÉLSLEÐA, BÁTA & MÓTORSPOURT

Reynsluakstur á Toyota GT86



Í þessu blaði er að finna



Mótorhjól með vagni...



...fleiri mótorhjól...



...og nýr Range Rover

Bílar – Jeppar – Mótorhjól – Bátar



Einn fallegasti bíll landsins

Jaguar XKR V8 Supercharged 421hó árgærd 2008

- Bíll sem er bæði ljúfur og góður í akstri dagsdaglega en um leið og þú ýtir á Sport takann breytist hann í sportbíl í hæsta gæðaflokki. Top Gear gaf þessum bíl hæðstu einkunn í afli og aksturseiginleikum, hann sló þar við bílum á borð við Astin Martin, BMW og Benz

- Bíllinn er ekinn aðeins 10.000km og lítur út sem nýr

- 4,9 sek í 100km - Fluttur inn nýr - Ásett verð 12.900 þús.kr

- Er í salnum hjá okkur, Kíktu í kaffi.

ISOBAND.IS
BÍLAINNFLUTNINGUR

ISLENSK BANDARÍSKA EHF. **BÍLAINNFLUTNINGUR**

Þverholt 6 - 270 Mosfellsbæ - Sími 534 4433 - Fax 534 4430 - is-band@isband.is - www.isband.is

NÝ COLEMANFELLIHÝSI Á 1.499.000 ÓTRÚLEGT TILBOÐ

Nú er tækifæri að stökkva á nýtt fellihýsi einungis örfá hús eftir



Sedona 2 stk eftir

Tilboðsverð: 1.499.000 kr

Útborgun: 375.000 kr
Afborgun: 19.000 kr. á mánuði í 84 mán. óverðtryggt

Cheyenne 5stk eftir

Tilboðsverð: 1.999.000 kr

Útborgun: 500.000 kr
Afborgun: 26.000 kr. á mánuði í 84 mán. óverðtryggt

Coleman fellihýsin eru mjög vel útbúin með 2 ára ábyrgð - rafgeymir - Truma miðstöð - 220V rafmagn - ísskápur - eldavél omfl - Eftirárhús fyrir Evrópu markað - Aukahlutir fánlegir td Markísa og Decor pakki með 2 hillur með spegli og eldhúsrúlluhengi, fatapoki og 2 ljós með viftu - Cheyenne er einnig með geymslukassa að framan og hægt að fá það með heitu vatni fyrir 120 þús.kr

75% fjármögnun í allt að 7 ár. Tökum gamla vagninn upp í nýjan.

Veldu fyrsta flokks fellihýsi - Coleman er þekkt fyrir frábær gæði!

Glæsilegur sýningarsalur - komdu og skoðaðu!

Íslensk-Bandaríska ehf • Þverholt 6, 270 Mosfellsbæ • S. 534-4433 • Opið virka daga kl. 10-18, laugardaga kl. 12-16 • www.isband.is

MOTOR & SPORT

Höfundar efnis í þessu blaði eru:

Haukur Svavarsson
Hálf dán Sigurjónsson
Halldór Már Aðalsteinsson

Ljósmyndir.

Hálf dán Sigurjónsson
Halldór Már Aðalsteinsson
Jaguar
Landrover

Hönnun og grafík:
Halldór Már Aðalsteinsson

Prófarkalestur:
Sigtryggur Harðarson.
Arnar Ólafsson

Dreifing:
Reykjavík og nágrenni:
Hálf dán Sigurjónsson.

Akureyri:
Jón Rúnar Rafnsson.

Egilsstaðir:
Kristinnur Ólafsson.

Útgefandi:
Mótor og Sport ehf
Laufbrekka 24
200, Kópavogur.
Kt: 470213-0270

Ritstjóri og ábyrgðarmaður:
Hálf dán Sigurjónsson.

Sími: 5642811
8971429
7720429
Email: halfdan@motorogsport.is

Þá er komið að þessu 5. tölublaði Mótor & Sport.

Þetta blað er seint á ferðinni þar sem okkur langaði að ná bílasýningu Bílgreinasambandsins eins og lesendur sjá.Þá eru í blaðinu myndir frá hópakstri Sniglana 1. Maí. Blaðið er með nokkurri mótörhjólatengingu og vonum við að meira af mótörhjóllum rati á síðurnar hjá okkur í næstu blöðum.

Næsta blað verður mikið tekið undir mótorsport og upphitun fyrir bíladaga á AkureyriÞá er nú loksins farið að vora vona ég og mótorsportið að fara á stj.hér ætlum við að skoða hvaða mótorsport er á döfinni núna í maí.

Eins og þeir sem hafa lesið apríl útgáfuna af mótor og sport hafa séð þá var keppnisdagatalið fyrir bílasportið í opnu þá en núna er það hins vegar dagatalið fyrir hjólasportið.Þá munum við nota allavega eina síðu í hverjum mánuði til að kynna mótorsport og aðrar akstursupplýsingar sem verða í komandi mánuði og er þessi pistill byrjunin á því.

Krúser klúbburinn og Fornbíla klúbburinn eru báðir með vikulegar upplýsingar.Krúserarnir eru með sína vikulegu hópakstra sem byrja hjá Krúser heimilinu að Höfðabakka 9 og enda síðan niður í miðbæ eftir nokkra Laugavegsrúnta.

Fornbíla klúbburinn er hins vegar með sína rúnta og spjallkvöld á miðvikudögum og er þá bara að koma í félagsheimili þeirra fornbílamanna að Hlíðarsmára 9 3. hæð og skoða hvað er að gerast.Þeir sem vilja fylgjast betur með dagskrá fornbílamanna er bent á heimasíðu klúbbsins www.fornbill.is.

Fyrstu Íslandsmótin í Maí verða þann 11. en þá er bæði keppt í Torfæru og Drift.Það er Formula Off Road klúbburinn sem heldur Skipalyftu torfæruna í Vestmannaeyjum, en þar eru skráðir 6 keppendur í standardflokki og 15 í sérútbúnum flokki.Þetta gera alls 21 keppanda sem er mjög gott miðað við fyrstu keppni ársins.Síðan er fyrsta keppnin í drift á þessu ári en Akstursíþróttafélag Hafnarfjarðar (AÍH) Driftdeild stendur fyrir þeirri keppni og er hún eins og torfæran fyrsta keppnin í Íslandsmóti 2013. Drift keppnin er haldin á Rallykrossbrautinni við Krýsuvíkurveg.

Helgina 18. og 19. Maí eru síðan tvær Íslandsmeistarakeppnir, bæði í kvartmílu og rallykrossi svo og bikarmót í gokart.24. og 25. er vor Rally BÍKR og síðan sömu helgi er Torfærukeppni AÍFS á suðurnesjum.

Laugardaginn 1. júní er síðan Íslandsmeistaramót í GoKart, og síðan Shoot Out keppni í kvartmílu.7-8 júní er síðan Rally á suðurnesjum haldið af AÍFS, og Kvartmílu klúbburinn heldur sinn árlega Muscicar dag á Kvartmílu brautinni þann 8. júní.

Bíla- og vélavörur
...sem þola álagið!

Það borgar sig að nota það besta!

FAG TIMKEN

SKF FAG

PRIMA

VELO

Kúlu- og rúllulegur

Hjólalegusett

Hemlahlutir

Hjóru- og öxullíðir

SACHS
Kúplingar- og höggdeyfar

optibelt

Stýrisendar og spindilkúlur

FÁLKINN
Stofnað 1904
PEKKING REYNLA ÞJÓNUSTA
Suðurlandsbraut 8 • 108 Reykjavík • Sími: 540 7000
www.falkinn.is



Toyota Corolla er meðal langlífustu bílgerða í veröldinni, hefur verið framleidd í nær 50 ár. Yfir 40 milljónir Corolla hafa runnið af færibandinu á þessum tíma og núverandi gerð er 11. kynslóð bílsins. Til samanburðar má nefna að gamla, góða Fólksvagen Bjallan komst ekki nema í tuttugu og eitthvað milljónir á þeim 60 árum, sem hún var framleidd. 40 milljón Corollur benda til þess að eitthvað hafi verið í hana spunnið, en fáar útgáfur hennar hafa vakið bíldellingum spenning ef frá er talin afturdrifna, 1600cc GT útgáfan frá því fyrir um 30 árum, AE 86 bíllinn (þó sá titill hafi ekki skreytt hana á Evrópumarkaði). Sá bíll nýtur enn vinsælda sem léttur, snaggaralegur bíll með góða aksturseiginleika. Hið síðasta hefur annars ekki prýtt Corollur almennt. Hið sama má segja um megnið af framleiðslu Toyota með nokkrum undantekningum. Sportbílar hafa ekki verið megináhersla Toyota í gegnum tíðina þó vissulega leynist nokkrir innanum í sögunni. Árið 2009 var frumsýndur í Tokyo lítill sportbíll, hannaður í samvinnu Subaru og Toyota (enda stundum kallaður „Toybaru“ í gamni). Markmiðið var einfalt: lítill, léttur hreinræktaður sportbíll sem átti fyrst og fremst að þjóna akstursgleði ökumanna. Hann átti ekki að vera neitt rosalega kraftmikill, ekkert neitt svakalega hraðskreiður, hröðun ekkert til að missa sig yfir, hann átti ekki að vera bestur í neinu. Nei, hann átti að vera skemmtilegur, það var aðalatriðið, og ódýr. Enda vakti hann gríðarlega athygli og bílablaðamenn um allan heim héldu niðri í sér andanum af spenningi. Það var þó ekki fyr en 2012 sem bíllinn kom á markað og blaðamenn voru því orðnir æði bláir í framan. Fyrir tilviljun datt ég um daginn inn í Top Gear þátt frá 2005. Clarkson hélt því þar fram að Ferrari F40 frá 1987 væri betri bíll en F60 frá 2009. Viðurkenndi vissulega að F60 væri miklu hraðskreiðari, hefði miklu betri aksturseiginleika, væri miklu þægilegri í notkun og örugglega mun áreiðanlegri, fyrir nú utan að eyða minnu og menga minna og vera öruggari. Þetta sagði hann hins vegar ekki skipta nokkru máli, því sá gamli væri miklu skemmtilegri, sem leikfang. Og það var aðal atriðið. Skemmtigildi bílsins sem leikfangs væri mun mikilvægara en allt praktískt kjaftæði.Árið 1989 setti Mazda á markað lítinn, opinn sportbíl; Mazda MX5. Þá voru nær allir hættir að smíða þannig bíla. Á sjöunda áratugnum var fullt af þeim, en síðan þá höfðu framleiðendur breytt sportbílum sínum í stærri, þyngri, aflmeiri og þægilegri bíla, en ekki endilega skemmtilegri. Minnir á Ferrariþælingar Clarksons hér að framan, ekki satt?Líkindin við dæmin tvö að framan eru, að skv. greiningu Clarksons á Ferrariunum er ekki beint samband á milli mælanlegra eiginleika og skemmtigildis. Þetta virðast Toyotamenn einmitt hafa haft í huga við þróun GT86. Hér er róið á svipuð mið og Mazda gerði með MX5. Ódýrt gaman. Ekki ofhlaða bílinn með neinu því, sem ekki þjónar skemmtigildinu.

Kem ég mér þá loks að efni greinarinnar Toyota GT86. Útlit bílsins gefur klár fyrirheit um ekta sportbíl. Maður fær strax á tilfinninguna við það eitt að horfa á bílinn að hér sé kraftakarl á ferð. Og ekki skiptir maður um skoðun við að setjast undir stýri. Hér er allt einfalt og ekkert að sjá sem ekki skiptir máli fyrir akstur bílsins. Stýrishjólið er t.d. laust við hvers kyns takka, sem bílaframleiðendur nú til dags hrúga yfirleitt á það. Þetta stýrishjól er greinilega bara til að stýra bílnum. Í sjálfskiptu útgáfunni eru tveir flipar bak

við stýrið til að skipta um gír, upp hægra megin og niður vinstra megin. Mælaborðið er að sama skapi einfalt. Þrír kringlóttir mælar, ekkert annað. Stór snúningamælir fyrir miðju og inn í hann er felldur stafrænn hraðamælir, sem er stórsnjálft því hraðamælirinn sjálfur, sem er vinstra megin við snúningamælinn er þannig kvarðaður, að erfitt er að fylgjast nákvæmlega með hraðanum á honum. Hægra megin við snúningsmælinn eru síðan bensín- og hitamælir. Á miðjustokki eru takkar fyrir hljómtækin og miðstöðina og ekkert meir. Þetta er svo einfalt að manni finnst það næstum gamaldags, í jákvæðri merkingu þó. Með einfaldleikanum er lögð áhersla á, að allt í bílnum annað en aksturinn sjálfur sé aukaatriði. Eina viðbótin við framantalið eru nokkrir takkar við gírstöngina til að fíkta við spólvörnina og stöðugleikastýringuna.

Þegar sest er inn í bílinn eru það sætin, sem fyrst vekja athygli fyrir hve góð þau eru. Þau halda vel að líkamanum án þess að vera þröng eða of stíf og afstaða ökumanns til allra stjórnækja er fyrsta flokks. Farþegasætið er heldur ekki slæmur staður að vera á en aftursætið er eiginlega bara brandari. Ég kemst þangað þó það sé ekki fyrirhafnarlaust ferðalag, en þegar sætisbak framsætissins er reist upp kem ég fótunum ekki niður á gólf. Ætti ég að sitja hér yrði ég að hafa hælana á setunni, sem augljóslega er ekki þægileg stelling. Ég skil ekki alveg hvers vegna yfir höfuð er aftursæti í bílnum. Varla kemst þar fyrir almennilegur barnabílstóll með góðu móti og ef þú vilt hafa hundinn með þá er eins gott að hann sé af minni gerðinni. Það er alveg sama hvernig maður telur, þetta er í raun bara tveggja sæta bíll. Og hverjum er ekki sama? Þetta er sportbíll, ekki heimilistæki. Annars er innrétting bílsins og allur frágangur með ágætum og lítið meira um það að segja.

Akstur

Snúum okkur að því sem máli skiptir; akstrinum. Vélin er ræst með takka í mælaborðinu. Hún hljómar ekkert áberandi spennandi svo sem. Boxerhljóðið, sem er ávalt öðru vísi en í uppréttum vélum (rifjið upp alla Subaruana, gömlu Bjölluna og Porsche) og það eitt, að hún sé tveggja lítra boxer frá Subaru skapar þó væntingar. Maður fer ósjálfrátt að hugsa um Impresur og á ég þá ekki við heimilisútgáurnar. Hér er hins vegar engin forþjappa í húddinu. Hér eru hlutirnir gerðir með öðrum hætti. Þessi vél er ekkert svakalega aflmikil; „einungis“ 200 hestöfl. Einhvern tíma hefði það nú þótt þokkalegt en í dag erum við orðin vön svo háum hestaflatölum að þetta vekur enga sérstaka aðdáun. Tog vélarinnar er ekki mikið á lágun snúningi og þarf að taka nokkuð á henni til að fá fram aflið. Hámarks snúningshraði vélarinnar er hinum megin við 7000 sn/mín. Fyrir vikið er bílinn, einkum sá sjálfskipti, ekkert tryllitækislegur í akstri ef bensínfætinum er beitt sparlega. Sem er svo sem ágætt. Í venjulegum akstri í umferðinni er þetta ósköp þægilegt. En ef maður vill það við hafa þá er hægt að vekja alla hina hestana og þá er gaman. Til þess þarf að keyra vélina yfir 4000 sn/mín og nota allt bilið upp í 7000. Þar yfir gerist svo sem ekki mikið í viðbót. Sjálfskiptingar og sportbílar þóttu í gamla daga ekki góð blanda og þó mönnum hafi farið mikið fram í





smíði slíkra skiptinga þá finnst manni samt að hún ræni þig hluta af skemmtuninni. Þetta er mest áberandi úr kyrrstöðu þar sem ógerningur er að rífa bílinn af stað með látum. Þegar bíllinn er kominn á ferð og snúningur vélarinnar upp þá kemur þetta hins vegar ekki að sök. Maður getur nefnilega tekið völdin af sjálfskiptingunni og stjórnað sjálfur og hún hlíðir. Skiptifliparnir á stýrinu virka og skiptingar eru leiftursnöggar sé þeim beitt. Þannig er gaman að aka bílnum.

En sportbíll er meira en vélin og eiginlega er hún ekki aðal atriðið. Miklu stærra hlutverki gegna fjöðrun og stýri. Þegar reynt er á þá hluti kemur hið sanna eðli Toyota GT86 í ljós ómengað. Stýrið er nokkuð þungt á nútíma mælikvarða og ákaflega nákvæmt. Maður hefur mjög góða tilfinningu fyrir hvert framhjólin stefna hverju sinni og hvað er undir þeim. Litlar hreyfingar stýrshjólsins skila sér strax í mjög ákveðinni stefnubreytingu, enda þarf aðeins að snúa stýrinu tvo og hálfan hring borð í borð. Fjöðrun er stinn svo bíllinn hallar nær ekkert í beygjum en er þó aldrei óþægileg. Vissulega eru hraðahindranir ekki bestu vinir bílsins, en heldur ekki til stórkostlegra vandræða. Hegðun bílsins í beygjum er nákvæm og manni finnst hann vel límdur við veginn. Ekið allt of hratt inn í langa beygu undirstýrir hann í fyrstu, ekki þó mikið, en með því að halda gjöfnni þá losar hann afturendann lítillega og kemst þannig í jafnvægi. Það þarf ekki að beita neinum brögðum til að komast í gegnum svona beygu, bara að halda sínu striki og treysta bílnum. Hringtorg má einnig aka gegnum á allmiklum hraða án vandræða. Við svona leikaraskap er þó aðal atriðið að halda vélinni á snúningi; milli fjögur og sjö þúsund snúningum. Á því bili er hröðunin fanta skemmtileg. Hér er gaman að leika sér að skiptiflipunum, skipta niður og upp, fram og til baka og hlusta á vélarhljóðið. Á þessum hraða urrar vélin eins og maður vill að vél í sportbíl geri.

Niðurstaðan.

Toyota GT86 hefur eiginlega alveg tvöfaldan karakter. Sportbílseinkennin leyndu sér aldrei, útlitið og tilfinningin að sitja í bílnum gargar „sportbíll“ öllum stundum. Sé honum hins vegar ekið eins og heimilisbíl þá hagar hann sér ekki svo ósvipað. Þeir eiginleikar hverfa hins vegar eins og döggi fyrir sólu um leið og ökumaður óskar þess. Og er það ekki einmitt það sem alvöru sportbíll á að gera; hlíða ökumanni í einu og öllu? Toyota GT86 gerir það svo skilyrðið er uppfyllt. En er þetta rétti kosturinn ef mig langar í hreinræktaðan sportbíl? Valkostirnir eru ekki margir hérlendis. Mazda MX5, Honda S2000, Porsche Boxster/Cayman, Toyota GT86. Toyotan er ágætis valkostur til að mæta sportbílsöngun manna. Hann er lítill, léttur, einfaldur, nógu aflmikill og með góða aksturseiginleika. Eins og áður sagði; hann átti að vera skemmtilegur, það var aðalatriðið, og ódýr. Stærsti veikleiki GT86 á íslenskum bílamarkaði að hann er ekki ódýr. Ég er ekki í nokkrum vafa um, að fjöldi fólks væri alveg til í að eiga þennan bíl, en fæstir láta það eftir sér verðmiðans vegna. Sem er synd. Það væri óneitanlega gaman að hafa slatta af þessu á götunum.

Haukur Svavars

EIGUM ÖFLUGAR
BENSÍNDÆLUR,
OLÍUDÆLUR &
HÁPRÝSTIDÆLUR



EIGUM GOTT
ÚRVAL AF
GÓLFSÁPUM OG
HREINSIEFNUM



Vélar og efnavörur sf.

Fyrir bíla, tæki og verkstæði



Sími: 5641819

Jakó/Isaco

Auðbrekka 23

200 Kópavogi

Sími: 564-1819 / 565-7744

Gsm: 892-9204

Jako@jako.is

www.jako.is



Jakó Eldsneytisdælur

Flutningsgeta 40 – 50 ltr./m

Fyrir 12 og 230 W

JAKÓ Sandblásturskassar



JAKÓ Partapvottavélar





Mótorhjól



Mótorhjól segir fyrirsögnin og já þessi grein er um mótorhjól hvort sem þau eru knúin rafmagni, bensín diesel eða öðrum orkugjöfum.Þá á þetta samheiti jafnt yfir það hvort viðkomandi tæki eru á fjórum eða tveimur hjólum.Þetta er já orðinn svolítið stór hópur af tækjum en hvað um það.Þá er best að við flokkum þetta aðeins niður, og byrjum á þeim minnstu og höldum síðan áfram og tökum þau stærstu síðast.

Það hefur orðið mikil bylting í rafjólum á síðustu árum og eru þau orðin mjög vinsæl og þá sérstaklega hjá yngri kynslóðinni.Það eru tvær megin tegundir af rafhjólum á markaðnum í dag.Annars vegar hjól sem eru með hjálparmótor sem vinnur með þeim sem er að hjóla og léttir honum að stíga hjólið, þarna eru til hjól alveg frá þessum hefðbundnu hjólum og upp í extra flott fjallahjól.Nokkur fyrirtæki eru að flytja inn svona hjól og eru það meðal annars: Rafmagnshjól í Skipholtinu sem flytja inn Hollensku QWIC hjólin sem öll eru “venjuleg” reiðjól með hjálparmótor.

Hjá þeim er til dæmis hægt að fá allt frá venjulegri stærð hjóla og niður í hjól sem hægt er að leggja saman og pakka niður í tösku, þá er einnig hægt að fá lúxus gerð sem er með USB tengi við rafhlöðu og LCD skjá.Það sniðuga við QWIC hjólin er að hjálparmótorinn er stillanlegur, það er að þú getur stillt hversu mikið hjálparatak þú vilt fá, og síðan að mótorinn er á framhjólinu, en ökumaður stígur eftir sem áður afturhjólið.Þá hættir rafmótorinn að vinna þegar hjólið hefur náð 25km hraða.Rafhlaðan í QWIC hjólunum endist í allt að 4. ár eða 1000 hleðslur (jafnvel meira) og aðeins tekur 3 1/2 tíma að hlaða rafhlöðuna í 95%, en hægt er að fá 6 gerðir sem að eru með frá 35km upp í 180km drægi.

Ellingsen flytur inn rafhjól frá Merida í Noregi og eru allar tegundir af raf-reiðhjólum til í línunni frá þeim, allt frá venjulegum hjólum upp í hátækni fjallahjól og keppnishjól.E-Green gerðin af Merda hjólunum er með drægi upp á 40-60km, hámarkshraðinn er 25km og hleðslan á rafhlöðunni tekur 6-8 klst.

Þá flytur Suzuki inn fjallahjól frá El GO og eru þetta svokölluð hátækni fjallahjól með öllu því nýjasta sem fjallahjól bjóða upp á.ELGO hjólin komast í 25 km hraða á mótor og þolir rafhlaðan 800 hleðslur.Það tekur 4-6 tíma að fullhlaða rafhlöðuna og eiga menn að komast 50km á hleðslunni.Þá eru ELGO hjólin með það sem kallast hraða tengd inngjöf í fótstigum eða “ pedal assisted throttle”.Það eru mun fleiri sem eru með svona reiðhjól með hjálparmótor, en við stiklum á stóru í þessari umfjöllun.



Þá kemur næst hjól sem oft eru kallaðar “rafmagnsvespur”, það er, þetta eru lítil hjól sem má keyra á gangstígum og ekki þarf að taka nein sérstök próf til að mega aka því en þau þarf ekki að stíga eins og hjólin sem fjallað er um hér að ofan. Rafmagnsvespurnar eru ekki með nein fótstig heldur sér rafmótorinn algerlega um að knýja hjólið áfram.Flest öll mótorhjólaumboðin bjóða upp á svona hjól og þá er einnig hægt að kaupa svona hjól í nokkrum öðrum verslunum.Þessi hjól eru lítil lipur og skemmtileg og eru að verða vinsælli með hverjum deginum hér heima.Það er vinsælt hjá unglingum að kaupa þessi hjól fyrir fermingar peninginn og á sumrin má sjá þessi hjól úti um allt.

Það má síðan kannski kalla bensín vespuna stóra bróður þar sem hún er fánlega með 70cc mótor sem er mun aflmeiri en 50cc mótorinn sem allir kannast við úr “skellinöðrunum”, en að sjálfsögðu er ennþá hægt að fá skellinöðrur og hafa svoleiðis hjól notið töluverðra vinsælda í gegnum árin.

Þá er best að snúa sér að Motor cross og enduro hjólum sem koma næst, en þar er töluvert úrval hjá öllum umboðum og eru þar hjól í öllum stærðarflokkum og með allar mögulegar vélstærðir.Fyrir utan þessi venjulegu merki sem allir þekkja það er: Suzuki, Kawasaki, Honda og Yamaha, eru merki eins og Gas Gas, KTM og fleiri.Við hvetjum fólk sem er í þeim gír að ætla að keyra um í torfærum eða keppni í sumar að taka sér góðan tíma og kynna sé það sem í boði er af þessum hjólum. Það hefur aukist að fólk sé að fá sér mótorhjól til ferðalaga og erum við þá að tala um hjól eins og: Honda CBF, Suzuki V Storm, Kawasaki Versys en þessi hjól flokkast sem götuhjól og eru líka fyrirtaks hjól í helgartúrinn til Akureyrar.

Svo skulum við tala um stærri hjól, en flest umboðin eru með götuhjól á lager.

Suzuki er með til að mynda 600, 750, og 1000 gerðirnar af GSX-R hjólunum auk þess að vera með Hyabusa hjól og Kawasaki er með Ninja hjól á lager. Þá er Honda líka með þó nokkuð af hjólum á lager hjá sér.

Hvað “hippana” áhrærir er Honda með Shadow 750 á lager og Suzuki með Intruder, Kawasaki með Vulcan og Yamaha með Midnight star þá er Stormur með Victory Vegas 8-Ball.

Þá má ekki gleyma Reykjavík Motor Center sem er með Harley Davidson, BMW, Aprilia, Moto Gussi og Vespa.

Flóran af mótorhjólum er meiri en við getum talið upp í svona grein en það eina sem okkur langar að benda fólki á sem ætlar að fara að fá sér mótorhjól er að skoða vel hvað stendur til boða í nýjum jafnt sem notuðum mótorhjólum.





Er þetta er ekki búíð ennþá!

Nú eigum við eftir mótörhjól á fjórum hjólum eða það sem kallast fjórhjól, og þar er álíka mikil flóra og í “venjulegu” mótörhjólunum. Honda, Kawasaki Suzuki og Yamaha eru öll með fjórhjól en síðan bætast við margar aðrar gerðir, svo sem Polaris sem Stormur flytur inn, Arctic Cat sem Arcticsport/Marás flytur inn og við prófuðum einmitt svoleiðis hjól í 2tbl des 2012 af Mótör & Sport og síðan Can Am Fjórhjólin sem Ellingsen hefur verið að flytja inn.

Það er ekki svo langt síðan að fjórhjólin fengust leyfð á göturnar en þar sem það er leyft í dag þá er um að gera að skoða þennan kost fyrir þá sem annað hvort geta ekki notað hefðbundin mótörhjól, og síðan þá sem einfaldlega langar að aka um á þessum tækjum.

Það er eins og með það sem var ritað hér að ofan, endilega farið á þá staði sem selja fjórhjól og skoðið hvað er í boði og talið við sölumenn, en þeir hafa vit á hvað hentar fólki best.

Það er því miður ekki mikið af mótorsporti í boði fyrir fjórhjólafólk en núna er allavega sandspyrna í boði, og vonum við að fleiri greinar fari að koma inn fyrir þessi tæki.

Sem ferðatæki eru fjórhjólin frábær og hægt er að fá mikið af aukahlutum á þau, allt eftir því hvernig fólk vill nota hjólin.

Við vonum að þið hafið gagn af þessari grein sem er svona smá yfirlit um vélhjól, og já við eyddum svolitlu púðri í það sem nýjast er það er rafhjólin, enda skemmtileg og umhverfisvæn viðbót við hjólaflórana.

Hálf dán Sigurjónsson.

Allt fyrir hjólamanninn

Nítró hefur opnað glæsilega nýja verslun að Kirkjulundi 17, Garðabæ.



Mótörhjól, fjórhjól, vespur, varahlutir, aukahlutir, hjálmar, fatnaður, hlífðarbúnaður, dekk, skór, olíur og margt fleira.



Kirkjulundi 17 – 210 Garðabæ – Sími 557 4848 – www.nitro.is

Kawasaki

BÍLAÞJÓNUSTAN BILAÐI BÍLLINN

Skógarhlíð 10 – 105 Reykjavík – Sími 445 5562 – GSM 615 2562

Tökum að okkur að gera

**BREMSUVIÐGERÐIR – SPINDILKÚLUR
STÝRISENDI – RAFGEYMA – ALLAR PERUR
SMURÞJÓNUSTA OG PÚSTVIÐGERÐIR**

**ÓDÝR OG GÓÐ ÞJÓNUSTA
OPIÐ FRÁ 10.00 – 22.00 Lokað á Sunnudögum**

BÍLAÞVOTTUR OG BÓN

Þjódum upp á bón og smáviðgerðir og aðstöðu fyrir þig til að gera við sjálfur

**Bílaverkstæði
Jóa**

Audi
Vorsprung durch Technik



ŠKODA



Das Auto.

Dalvegi 16a
201 Kópavogur

www.bilajoa.is
bilajoa@bilajoa.is

Fax 564 5254
Sími 564 5520

25 ára

Bílaverkstæði



25 ára

Kjartans og Þorgeirs sf

S: 567 0060 - www.bkth.is

Smíðjuvegi 48d **rauð gata** 200 Kópavogi

Bílaverk BA



Þar sem fagmennskað er ómöglegt

BILASPRAUTUN
BÍLARÉTTINGAR
BÍLRÚÐUSKIPTI
BÍLRÚÐUVIÐGERÐIR

★★★★★

GAGNHEIÐI 3 · 800 SELFÖSS
☎ 482 2224 & 899 5424 · Fax 482 2354
bilverkba@simnet.is · www.bilverk.is



Besta tilgangurinn

BÍLABÚIÐ
partasala

sími: 534 1045
netfang: toni@bilabuid.is



Bílapartasalan Bílabúið ehf · Kaplastraumi 11 · 220 Hafnarfirði



1. MAÍ HÓPAKSTUR SNIGLANA

Þann 1. Maí síðastliðinn fóru Sniglarnir Bifhjóla Samtök Lýðveldisins í sinn árlega hópakstur, en með honum hefst formlega tímabil mótórhjólafólks á hverju ári.

Í ár eins og venjulega fóru lögreglumenn á mótórhjólum fyrir hópakstrinum og sáu þar með um að allir kæmust á áfangastað.

Aksturinn hófst á gatnamótum Laugavegar/Bankastrætis og Skólavörðustígs, og endaði í Ökugerði Ökukennarafélagsins við Kirkjusand þar sem boðið var upp á léttar veitinga.

BIFHJÓLASAMTAKA LÝÐVELDISINS

Um 700 hjól mættu þrátt fyrir mikinn kulda þann 1. Maí en veður var samt fallett þar sem sólin skein og fólk virtist ánæggt með þessa byrjun á sumrinu.

Við látum að venju myndirnar tala og óskum fólki gleðilegs hjólasumars.



Dnepr



Beauty



Í fyrsta tölublaði þá sögðu við frá mikilli dellukonu henni Hilde.

Hún hafði þá ný lokið við að smíða upp frá grunni Suzuki GSXR 750 hjól sem kallað er Beast og ber það sannarlega nafn með rentu.

Nú hefur hún lokið við næsta verkefni og er það Dnepr Rússneskt her-mótorhjól með hliðarvagni og aukasæti fyrir aftan ökumann, sem sagt þriggja manna hjól.

Þegar við skoðuðum það í Október var það allt sundur rífið og að okkur fannst örugglega árs vinna eftir í því.

En hvað gerist nema að Hilde hafði samband og sagði okkur að hjólið vær svo gott sem tilbúið og hún væri búin að prufukeyra það.

Við skelltum okkur að sjálfsgöðu í heimsókn og skoðuðum gripinn sem hlotið hefur nafnið „Beauty“

Þegar þangað kom þá var Hilde að vinna við tjaldvagn sem hún ætlar að hengja aftan í Dnepr og ferðast um landið. Við höldum áfarm að fylgjast með en á meðan geta lesendur skoðað myndirnar og þetta hjól er sannarleg „Beauty“, og það eru ekki margir sem eiga bæði „Beauty and the Beast“

Hálf dán Sigurjónsson.

DRÁTTARBÍLAÞJÓNUSTA
Flytjum bifreiðar • Opnum læsta bíla

BG



Björn Gíslason

Sími: 892 3450 & 554 0305

NÚ ÞÚ
Sjálfsþjónusta

Bón • Lyftur • Verkfæri • Aðstoð

Opið 9 - 21 Helgar 10 - 18

Sími: 663-2042 Hvaleyjarbraut - Hafnarfirði



MOTOR & SPORT

TÍMARIT UM BÍLA, MÓTORHJÓL, VÉLSLEDA, BÁTA & MÓTORSPORT



Keppnisdagatal

Mótorhjóla

2013

25 Maí
off-Road
Klaustur VÍK / MSÍ

Spyrna
Bikarmót Afmælistmót
Akureyri BA

1. Júní
Kvartmíla
Bikarmót / Showd.&Shootout
Kapelluhraun KK

8. Júní
Moto-Cross
Íslandsmót
Selfoss UMFS

15. Júní
Enduro CC
Íslandsmót
Akureyri KKA

16. Júní
Götuspyrna
Íslandsmót 1/8 míla
Akureyri BA

29. Júní
Kvartmíla
Íslandsmót
Kapelluhraun KK

Moto-Cross
Íslandsmót
Akranes VÍFA

6. Júlí
Sanspyrna
Íslandsmót
Akureyri BA

13. Júlí
Kvartmíla
Bikarmót / King of the Street
Kapelluhraun KK

19. Júlí
Hjólaspyrna
Bikarmót
Akureyri BA

27. Júlí
Enduro / CC
Íslandsmót
Egilsstaðir START

Kvartmíla
Íslandsmót
Kapelluhraun KK

3. Ágúst
Sandspyрна
Íslandsmót
Akureyri BA

4. Ágúst
Götuspyrna
Íslandsmót 1/8 míla Götusp
Akureyri BA

Moto-Cross
Unglingamót
Höfn í Hornarfirði UMFÍ / MSÍ

10. Ágúst
Götuspyrna
Íslandsmót 1/8 míla Götusp
Kapelluhraun KK

Moto-Cross
Íslandsmót
Akureyri KKA

24. Ágúst
Moto-Cross
Íslandsmót
Mosfellsbær MotoMos

31. Ágúst
Kvartmíla
Íslandsmót
Kapelluhraun KK

Enduro / CC
Íslandsmót
Reykjavík / Suðurland VÍK

7. September.
Moto-Cross
Íslandsmót
Reykjavík / Bolaalda VÍK

28. - 29. Sept
MX
Alþjóðlegt MX of Nation FIM
Þýskaland

30. Sep - 5
Enduro Okt.
Alþjóðlegt Six Days Enduro FIM
Ítalía

9. Nóvember
Aðalþing
Formannafundur Reykjavík
ÍSí MSÍ

9. Nóvember
Uppskeruhátíð
Reykjavík
MSÍ

Maí

S	M	Þ	M	F	F	L
			1	2	3	4
5	6	7	8	9	10	11
12	13	14	15	16	17	18
19	20	21	22	23	24	25
26	27	28	29	30		

Júní

S	M	Þ	M	F	F	L
						1
2	3	4	5	6	7	8
9	10	11	12	13	14	15
16	17	18	19	20	21	22
23	24	25	26	28	29	30

Júlí

S	M	Þ	M	F	F	L
	1	2	3	4	5	6
7	8	9	10	11	12	13
14	15	16	17	18	19	20
21	22	23	24	25	26	27
28	29	30	31			

Ágúst

S	M	Þ	M	F	F	L
				1	2	3
4	5	6	7	8	9	10
11	12	13	14	15	16	17
18	19	20	21	22	23	24
25	26	27	28	29	30	31

September

S	M	Þ	M	F	F	L
1	2	3	4	5	6	7
8	9	10	11	12	13	14
15	16	17	18	19	20	21
22	23	24	25	26	27	28
29	30					

November

S	M	Þ	M	F	F	L
					1	2
3	4	5	6	7	8	9
10	11	12	13	14	15	16
17	18	19	20	21	22	23
24	25	26	27	28	29	30

MOTOR & SPORT

TÍMARIT UM BÍLA, MÓTORHJÓL, VÉLSLEDA, BÁTA & MÓTORSPORT.



Varahlutir sem þú getur treyst á!

- Stýrishlutir
- Pakkningasett
- Ventlar
- Vatnsdælur
- Tímareimar
- Knastásar
- Legur
- Stimplar



Oliur á
frábæru verði



Viðgerðir fyrir flestar gerðir bíla

Vélaviðgerðir, túrbínuviðgerðir
og spíssaviðgerðir.



Sími: 577 1313 | Tangarhöfða 13 | kistufell.com



GlerPro ehf.

Framrúðu og bílljósaviðgerðir

Allar viðgerðir á framrúðum eru bíleiganda að kostnaðarlausu.
Vinnum fyrir öll tryggingafélög.

GlerPro ehf. Funahöfði 13 110 Reykjavík
848 7007 | 776 8600
www.glerpro.is - glerpro@gmail.com

Rétt verk

Bílamálun og réttingar



Rétt verk ehf. - Viðarhöfða 2 - 110 Reykjavík - S. 586 2828
Fax 586 2829 - E-mail: rettverk@vortex.is

GÆÐA ÁLFELGUR FRÁ LF WORKS



15"
16"
17"

ENDURANCE



16"
17"

ENTOURAGE



16"
17"

MIRAGE



14"
15"
16"
18"

SATURN



N1 HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA
SÍMI: 440 1120
WWW.N1.IS

N1

Meira í leiðinni

Range Rover



“Besti bíll í heimi?”



Við, sem höfum legið í erlendu bílapressunni síðustu áratugi þekkjum vel vangaveltur bílablaðamanna um hvaða bíll sé bestur allra á hverjum tíma. Slíkar vangaveltur eru í sjálfu sér ákaflega tilgangslausar og niðurstöður manna, hverjar sem þær eru hæpnar. Menn geta leitað að besta sportbílnum, jeppanum, fjölskyldubílnum, ferðabílnum, borgarbílnum eða einhverju öðru. Þegar síðan á að velja þann besta á öllum sviðum er samanburðurinn orðinn harla vonlaus. Einnig er ákaflega misjafnt eftir löndum hvaða eiginleikar skipta máli og áhugasvið manna og hvernig bíll er notaður skipta hvern og einn kannski mestu máli.

Sem einfalt dæmi má nefna að Þjóðverjinn leggur mikið upp úr því að aka megi bíl á Autobana á miklum hraða áreynslulítið og af öryggi, en ég efast um að Færeyingur gefi nokkuð fyrir slíka eiginleika. Íbúi í Ölpunum vill örugglega bíl, sem liggur vel í kröppum beygjum á mjóum vegi meðan Texasbúinn veit ekki einu sinni hvað mjór vegur er, hvað þá krappar beygjur. Heila málið er það, að allir bílar hafa nokkuð til síns ágætis og nú til dags er ákaflega erfitt að finna á markaði beinlínis vondan bíl. Þetta er svolítið eins og að leita að besta mat í heimi; þorramatur til dæmis verður seint talinn góður í víðu samhengi, en á þorablóti er hann besti matur í heimi, svona rétt á meðan á blótinu stendur. Kveikjan að þessum vangaveltum mínum er, að fyrir stuttu bauðst mér að taka í Range Rover af nýjustu kynslóð.

Ekki var um eiginlegan reynsluaakstur að ræða heldur stuttan bíltúr með sölumann mér við hlið. Og þó það hljómi hrokafullt, þá ætla ég að leyfa mér að leggja út af þessari stuttu reynslu. Sagan er þessi:

Ég átti erindi í BogL hvar ég sá standa á gólfinu nýjan Range Rover. Ýmislegt hafði ég lesið um gripinn og er hann í öllu, sem ég hef séð rómaður mjög. Ég heillaðist gjörsamlega. Þetta er fallegasti Range Rover sem smíðaður hefur verið á þeim rúmu fjórum áratugum, sem liðnir eru frá því hann kom fyrst á markað. Sölumaður sá til mín, færði mér munnþurku til að þurka slefið af hökunni og bauð mér setjast inn.

Öll innrétting bílsins er stórkostlegt listaverk. Ekki vegna þess að hún sé full af einhverjum flottheitum heldur er það heildarsvipurinn sem heillar mann. Hér er himneskt að sitja. „Understated elegance“ (afsakið slettuna) er lykilorðið. Hér er allt svo einfalt en um leið íburðarmikið. Hljómar eins og þversögn, en svona er þetta bara. Mick Jagger sagði einhvern tíma frá því að Charlie Watts ætti fullt af

flottum bílum, sem hann stundum horfði á og settist inní og nyti þeirra með þeim hætti. Hann hafi nefnilega aldrei haft bílpróf. Range Rover dugir líklega vel til slíks brúks, en ég er með bílpróf, svo aksturinn er stærsti áhrifavaldurinn þegar ég mynda mér skoðun á bíl. Síðasta kynslóð Range Rover var afburða bíll til aksturs ef maður vildi rúlla milli landsfjórðunga með þægilegum hætti.

Sá nýi gerir það ábyggilega ekki síður, en núna er líka hægt að „keyra“ bílinn. Þau rúmu 400 kg sem megruð voru af honum milli kynslóða, ásamt með ýmsum öðrum breytingum hafa gerbreytt allri hegðun bílsins. Nú er hægt að aka honum allt of hratt í gegnum þröngar beygjur og misbjóða honum með ýmsum hætti, sem þú gerðir ekki með hinn eldri. Hann var hreinn og klár „kallabíll“. Sá nýi er það auðvitað líka, en nú heillar hann miklu yngri kalla en áður. OK, þetta er ekki Cayenne, en hann er á leiðinni þangað.

Þetta er ekki S-Bens, en hann stappar nærri því. Þetta er ekki sportbíll, en það eru jeppar hvort eð er ekki, hvað sem Porsche segir. Range Rover er einfaldlega þó dálítið af þessu öllu, og í ljósi þess hverslags vegakerfi við búum við þá höfum við engin not fyrir það, sem fyrnefndir eðalvagnar kunna að hafa umfram hann. Hann er nógu sportlegur í hegðun til að aksturseiginleikar Cayennesins séu óþarfir, hann er nógu þægilegur og elegant til að það sem S-Bens hefur umfram sé óþarft, hann er nógu flottur að innan til að stór Audi hafi ekkert umfram hann (eða Bentley Continental ef út í það er farið). Hann er nógu mikill jeppi til að gera allt, sem GL Bens eða Land Cruiser 200 geta.

Ofantaldir bílar kosta allir einhverjar 20 milljónir, give og take, og Range Rover byrjar í 25. Ef þú átt 20 milljónir til að kaupa bíl þá geturðu örugglega fundið 5 í viðbót til að fá þér Range Rover. Það er þess virði; þetta er besti bíll í heimi (finnst mér).





Mustangsýning

Íslenski Mustang klúbburinn hélt sína árlegu sýningu í húsnæði Brimborgar við Bíldsöfða þann 20. Apríl síðastliðinn.

Að þessu sinni snérist sýningin um tvö tiltekin þema en það var í fyrsta lagi 1971-1973 árgerðirnar og síðan um Bullit bílana sem oft eru nefndir það út af samnefndri mynd sem en 45 ár eru síðan hún var frumsýnd.

Þá var blæjubílum gert hátt undir höfði en npkkur svoleiðis tæki voru á staðnum.

Þá voru nokkrir nýlegir Mustang sýndir og var einn þeirra kosinn fallegasti bíll sýngjarinnar, en það var Mustang 2006 sem Gísli Árnason hafði breytt í BOSS bíl og er einn sá fallegasti af sinni árgerð á landinu.

Næst ár verður ennþá veglegri sýning en þá verða 50. Ár liðin frá því að Ford kynnti til sögunar fyrsta „Pony Car“ bílinn sem að sjálfsgöðu var Ford Mustang.

N1 Fellsmúla Þjónusta fyrir Vélhjólafólk



N1 hefur nýverið hafið það að bjóða upp á þjónustu fyrir bifhjólafólk að Fellsmúla 24. Verkstæði N1 Fellsmúla er hluti af ökutækjaþjónustu N1 en í Fellsmúla er að auki dekkja og smurþjónusta við mótorhjól og fjórhjól.

Verkstæðið er búið sérhæfðri umfelgunarvél fyrir mótorhjóladekk sem minnkar líkur á skemmdum á viðkvæmum felgum. Einnig er sérstök jafnvægisstillingarvél fyrir mótorhjólafelgur sem er mjög nákvæm. Verkstæðið hefur fengið Michelin gæðavottun en það er vottun um þar er ávallt unnið eftir nákvæmum verkferlum en Michelin vottuð verkstæði eru tekin út árlega.

Mótor & Sport ræddi við Arnar Tryggvason sem stýrir verkstæðinu í Fellsmúla, og sagði hann okkur meðal annars að þeir leggðu metnað sinn í að eiga dekk á lager fyrir flest bifhjól og ef svo ólíklega vildi til að umbeðin dekk væru ekki til þá væru þau pöntuð með hraði.

Öll aðstaða sem við skoðuðum er til fyrirmyndar og undirritaður hefur sjaldan séð eins mikið af bifhjóladekkjum á einum stað

Hér er smá upptalning á dekkjum þeim sem tilheyra mótor- og fjórhjólum : Motocrossdekk, Endurodekk, Hippadekk, Götu hjóladekk, Ferðahjóladekk, Trialdekk, Racerdekk, Fjórhjóladekk?etta eru dæmi um vörumerkin sem er verið að selja :

MITAS, dekk fyrir torfæru og endurohjól ásamt ferðahjólum.

MICHELIN, dekk fyrir allar gerðir mótorhjóna. Nýjungar í mótorhjóladekkjum frá Michelin má nefna m.a. Michelin Ankee 3, Michelin Pilot Road 3.

AVON, hafa ávallt verið sterkir í götuhjóladekkjum og þá sérstaklega í dekkjum fyrir cruiserhjól og hippa.

Okkur langar til að benda bifhjólafólki á að kynna sér nýju dekkinn frá Michelin, en það eru annars vegar: Ankee 3 og hins vegar: Pilot Road 3.


Þessu dekk ku vera sem sniðin að íslenskum aðstæðum og eru framleidd með nýrri tækni og best er að skoða þau inn á heimasíðu Michelin : www.michelin.co.uk/motorcycles

Þá er hægt að fá hjá N1 Banner mótorhjólageyma en rafgeymar frá Banner eru til í miklu úrvali á mjög góðu verði fyrir mótorhjól. Já og að sjálfsgöðu setja starfsmenn N1 rafgeymana í hjólin! Þá má ekki gleyma smurþjónustu fyrir mótorhjól, en á staðnum er mótorhjólalyfta sem notuð er bæði við dekkjaskiptin og smurningu/ólfuskipti á mótorhjólum og fjórhjólum.

Notaðar eru hágæða olíur frá Mobil 1, en að sjálfsgöðu er hægt að nota aðrar olíur ef eigandi óskar eftir því.

Eftir að hafa skoðað aðstöðuna og metnaðinn sem starfsmenn eru að leggja í þetta framtak þá getum við hiklaust mælt með að bifhjólafólk skreppi í Fellsmúlann og kynni sér hvað N1 hefur upp á að bjóða bæði í vörum og þjónustu fyrir bifhjólafólk.

Hálfdán Sigurjónsson.



Dekkjahúsið



Dalbrekku 17
Kópavogi
Sími: 55 33 100

Plymouth
Roadrunner 1972



Sigurjón Andersen segir hér sögu þessa merka bíls.

Þessi bíll var fluttur inn í febrúar 1975.

Fyrstu árin var hann lítið notaður en í góðum höndum suður í Keflavík. Ég kaupi hann þaðan í febrúar 1982 og var hann þá með orginal vélinni sem var 340 ci, glimmermálaður rauður og hár að aftan eins og tíðkaðist á þessum árum.

Það var nokkuð ljóst að það þyrfti að að setja í hann Big block og fljótlega fór í húddið 440 ci sem var bara melló mjólkurbúðar mótör. Notuðum við bílinn að mestu bara á sumrin og setti ég í hann 2 barnastóla því þetta var jú “fjölskyldubíll”. Árið 1984 var hann málaður í upprunalega Hemi orange litnum.

Ég keppti á honum annað slagið með misgóðum árangri, þetta er þungur bíll eða um 1870 kg með mér í. Besti tíminn sem ég náði á þessum tíma var 12,90 sek .

Árið 1987 náði ég því svo að verða íslandsmeistari í 13,90 flokki sem var nokkuð gott þar sem ég vann allar keppnir sumarsins í þessum flokki.

Það voru farnar nokkrar ferðir norður á Akureyri á sýningar og götuspyrnuna og tekið þátt í sýningum kvartmíluklúbbsins sem er auðvitað besti klúbburinn.

Bílinn var tekinn í gegn á árunum 2003 –2006 og þá var m.a settur í hann annar mun öflugri mótör þar sem hinn var orðinn nokkuð slitinn eftir 20 ára notkun.

Besti tími sem ég hef farið á í kvartmílu eftir uppgerð er 11,76 sek á 114 mílum.

Þetta er stutt ágrip af sögu þessa bíls.

Það voru framleidd 1839 eintök af svona bíl frá verksmiðju og var þessi bíll framleiddur 17 desember 1971.

Bílinn kostaði nýr 3.147 \$.



BUICK

CHEVROLET

Jeep

DODGE

Oldsmobile

GMC

Cadillac

PONTIAC

HUMMER

SÉRFRÆÐINGAR Í AMERÍSKUM BÍLUM

HVAÐ GERUM VIÐ?

...Við
gerum
við ...bíla!

ALLAR ALMENNAR VIÐGERÐIR /
ÁRALÖNG REYNSLA OG ÞEKKING /
FULLKOMINN TÆKJAKOSTUR /
SÉRÞEKKING Á GM, CHRYSLER,
DODGE, JEEP OFL.

motorstilling@heimsnet.is
www.motorstilling.is

Mótorstilling ehf.
Skeiðarási 4
210 Garðabæ
Sími: 565 4133
Fax: 555 4133


Mótor
stilling
BIFREIÐAVERKSTÆÐI

Hjólastillingar ehf.



Sigurður Örn Magnússon
Hamarshöfða 3
110 Reykjavík
Sími 587 4955

Hjólastillingar

 **Jeep**  

D&C ehf.
Daimler & Chrysler
Bifreiðaverkstæði/Auto Service
Hamarshöfða 5 · 110 Reykjavík · Iceland
Sími 571 0110 · Fax 571 0111
GSM 695 1359 · GSM 618 0111
dozc@dozc.is

Pústþjónusta
Bjarkars

Sími
421 3003

PÚSTVIÐGERÐIR
SÉRSMÍÐI
OG ALLAR ALMENNAR
BÍLAVIÐGERÐIR

Erum með vörur frá BJB, Kvikk, Bílabúð Benna,
Jeppasmiðjunni Ljónsstöðum, AB varahlutum og fleirum



Bílasýning Bílgreinasambandsins Allt á hjólum var haldin helgina 4-5 Maí í Fífunni í Kópavogi.

Flest bíla og mótorhjólaumboð landsins sýndu nýja bíla og hjól og þá voru söluaðilar ferðavagna og húsbíla á staðnum með sýnishorn af því sem til er hjá þeim.

Undirrituðum fannst sýningin takast nokkuð vel í alla staði, en þó fannst mér vanta upp á að umboðin kæmu með þessa sérstöku bíla og mótorhjól sem ekki sjást hér á landi dags daglega.

En það er nú spurning um hvað er að seljast og hvað ekki.

En í kringum 20.000 manns komu í Fífuna til að berja þessi tæki augum sem sýnd voru.

Eins og sjá má á myndunum var margt um manninn og mörg flott tæki.



Hálf dán Sigurjónsson



Ég ákvað um daginn að skella mér í GóKart með nokkrum félögum mínum, og fyrir valinu varð að fara í GoKarthöllina við Súðavog 3-5 í Reykjavík. Við komum þar inn í bjart og skemmtilegt húsnæði með flottri aðstöðu og skemmtilegri braut.

Brautin er 280m teknísk braut sem þýðir að maður þarf góða aksturstækni til að ná góðum árangri, ekki mikið pláss fyrir mistök hér. Hámarkshraði brautarinnar er rúmlega 50km. Hámark er 8 bílar í braut.

Bílarnir sem notaðir eru koma frá Michael-Schumacher Kart Center ný uppgerðir af verksmiðjunni. Þeir eru 8,5 hestöfl, 200 kúbik, þeir eru vel útbúnir með diskabremsum og færanlegum sætum og veltibúri. Michael-Schumacher Kart Center er stór Kart braut í Þýskalandi sem er í eigu fyrrum heimsmeistara í F1.

Gokarthöllin er búin að vera starfandi í rúm 2 og hálf ár, en hugmyndin að henni fæddist 2002 þegar strákarirnir voru starfandi hjá Icekart sem var staðsett hjá Smáralindinni, eftir að Icekart var lagt niður keyptu þeir alla bílana af Icekart og sett upp litla

keppnisbraut aftur við smáralind en fengu svo stærra, betra og hentugri staðsetningu á núverandi stað og í framhaldi komu þessir 12 nýju bílar frá Schumacher Kart Center.

Samtals 20 bílar hjá Gokarthöllinni sem var opnuð 20 Október 2010.

Þeir taka á móti starfsmanna hópum, steggjapartýum, afmælispartýum og fleir slíkum uppákomum.

Góð aðstaða er á staðnum eins og pool og þythokki, grillaðstaða og fleira.



Allir sem hafa gaman af farartækjum og mótorsporti hafa gaman af að mynda og eiga myndir til minningar um skemmtilegar keppnir eða flottar græjur, og þá erum við bæði að tala um ljósmyndir og video myndir.

Eftir að filman varð nánasti útdauð hefur stafrænum myndavélum farið gríðarlega fram og er það nú orðið eins og myndavélin sem maður keypti í dag sé orðin úrelt á morgun.

Ein af skemmtilegri myndavélum sem menn hafa verið að nota við mótorsport eru GoPro vélarnar.

Þessar vélar eru alveg hreint ótrúlegar og það sem er skemmtilegast, er að maður getur fest þær nánast allstaðar og tekið „video“ myndir hvort sem tækin eru á hreyfingu eða ekki og hvort sem þær eru festar utan eða innan á tækin.

Þá hafa bifhjólamenn verið duglegir við að festa svona vélar bæði á hjálma og á hjól og mynda heilu ferðirnar.

Einnig hafa GoPro vélarnar verið festar í rallý, rallýkross, kvartmílu og torfærubíla, bæði að utan og innan síðan hafa upptökurnar verið settar á netið og þá sérstaklega á „YouTube“ og eru flest þau myndskeið sem þar eru úr mótorsporti tekin á þessar vélar.

Þá má ekki gleyma þeim sem eru á ferðinni bæði á jeppum og vélsleðum sem hafa notað þessar vélar með mjög góðum árangri, enda eru þær vatnsheldar og þola töluvert hnjask.


Mikil þróun hefur orðið á GoPro vélunum síðan þær fyrstu komu á markaðinn árið 2004 en þær voru með venjulegri 35mm filmu, en fljótlega eftir það kom fyrsta stafræna GoPro vélin á markað og þá fóru hjólin fyrst að snúast fyrir alvöru.

Með nýjustu myndavélinni opnuðust nýir og miklir möguleikar þar sem hún nýtist sem háskerpu myndavél og er hægt að taka kyrrmyndir á hana eins og venjulega myndavél í 12 mega pixla upplausn sem er á við það sem best gerist.

Við hjá Mótör & Sport prófuðum eina svona vél, eða GoPro Hero 3 Black Edition og eru myndir hér í blaðinu sem teknar voru á þá vél og nýttust möguleikar hennar mjög vel í þeim tókum.

Við tókum meðal annars myndir á 1. Maí hópakstri Sniglana og settum vélina á hjálm farþega á mótorhjól. Myndavélin var látin taka mynd á 10 sek. fresti allan túrinn og komu þær vægast sagt flott út eins og sjá má í myndagreininni um þann viðburð. Þá var farið með vélina á sýningu Bílgreinasambandsins „Allt Á Hjólum“ í Fífunni og þar kom þessi extra víða linsa á GoPro vélinni í góðar þarfir, en hún hefur 170° horn sem er mun víðara horn en aðrar vélar hafa og náðum við því skemmtilegum og góðum yfirlitsmyndum af sýningarsvæðinu.





GoPro vélarnar hafa hins vegar mest verið notaðar við myndbandsupptökur og eru þættir í sjónvarpi oft að miklu leyti teknir upp á þessar litlu og skemmtilegu vélar, það má kannski kalla þær litlu risana vegna þeirra möguleika sem þær hafa.

Hérna ætla ég að telja upp smá hluta af öllum þeim búnaði sem er í þessu litla tæki:

Í video upptöku GoPro Hero3 Black Edition er hægt að velja gæði upptökurnar, 720p 120 í 1080p60 og í 1440p48, 4kp15, 2,7kp30 og WVGA 240fps.

Hvað ljósmyndir varðar er hægt að taka allt að 30 ramma á sek. í 12mpx gæðum sem er mun meira en flestar aðrar vélar bjóða upp á.

Þá er hægt að stilla vélina á sjálfvirka töku (time laps) og hægt er að ráðið tímanum sem líður á milli þess sem að vélin smellir af.

Vélin er með innbyggðu WIFI kerfi og með því að ná sér í GoPro APP er hægt að nota snjallsímann sem skjá.

Fylgir fjarstýring með vélinni og myndflagan í vélinni er sértaklega byggð upp fyrir tökur í lítilli birtu.

GoPro Hero3 Black Edition er 30% minni, 25% léttari og 2x hraðvirkari en aðrar útgáfur. Eftir að hafa verið með GoPro Hero3 Black Edition í viku tíma þá get ég sannarlega mælt með því að áhugafólk jafnt sem atvinnumenn ættu að skoða svona vél sem frábæran kost eða viðbót við það sem fyrir er, og þessi myndavél er ómissandi fyrir mótorsport, bíla, hjóla, sleða og jeppafólk til að fanga augnablikin á.

Þá er þessi vél einstakt tæki til að nota við til dæmis ökukennslu og bifjólakennslu, að ég tali nú ekki um tækið fyrir veiðimenn sem geta þá loks sannað að sá stóri hafi sloppið!

Ekki má svo gleyma fjölskyldufólkinu sem vill fanga minningarnar á auðveldan hátt og getur sýnt á einfaldan hátt hvert var farið í sumarfríinu einfaldlega með því að nota eina af hinum fjölmörgu festingum sem eru fánlegar fyrir GoPro myndavélarnar.

Aukahlutirnir eru fleiri en hægt er að minnast á og er best að fara á næsta útsölustað GoPro og tala við sölumenn um hvaða vél henti viðkomandi best.

En við hérna hjá Mótör & Sport mælum eindregið með GoPro Hero og munum nota meira af þessum vélum í framtíðinni.

GoPro
Be a **HERO**.

Fyrir hugaða. Tilbúin í sportið

HELSTU TÆKNIUPPLÝSINGAR

- 4Kp 15fps / 2.7Kp 30fps Cinema
- 1080p60 / 720p120 / 1440p48 fps
- Val um 15 upp í 240 ramma á sek.
- 12MP hágæða ljósmyndir
- 30 ljósmyndir á sekúndu "Burst"
- Tíma ljósmyndun "Time Lapse"
- Innbyggð Wi-Fi
- Wi-Fi fjarstýring fylgir
- GoPro App (iPhone & Android)
- Hágæða ljósnæmi
- Vatnshelt plasthús, fyrir 60 metra dýpi

Ný hápróuð **4k** sport vídeó- og ljósmyndavél frá **GoPro**.

HERO3
BLACK EDITION

Vélin sem fagmenn um heim allan nota



Aukahlutir og festingar í miklu úrvali

- LCD Snertiskjár • Batterí BacPac • Sogskál • Linsupakki •
- WiFi fjarstýring • Hjálmafesting • Vegg- og bílhleðslutæki •
- Höfuðólar • Brettafesting • Byssufesting • Móðuvörn •
- Límfestingar • Hjólahjálmafesting • Þrífótsfesting •
- Rörafesting • 3D pakki • Úlniðsfesting • Opið plast hús •



facebook facebook.com/goproiceland

VÉLHJÓLAEIGENDUR VERIÐ VELKOMNIR Í FELLSMÚLA

GÆÐA VÉLHJÓLADEKK
VEITA AUKIÐ ÖRYGGI TIL
AÐ NJÓTA FRELSISINS
Á ÞJÓÐVEGINUM OG
TÆMA HUGANN

Í FELLSMÚLANUM LEGGJUM VIÐ SÉSTAKA ÁHERSLU
Á DEKKJA- OG SMURÞJÓNUSTU FYRIR VÉLHJÓL



AVON
TYRES

MICHELIN
A better way forward

Mitas



N1 FELLSMÚLA
OPIÐ MÁNUDAGA TIL FÖSTUDAGA KL. 8-18
SÍMI 440 1322

WWW.DEKK.IS

N1

Meira í leiðinni